| Tilefni fundar | | | Síða |
|---|---|---|---|
| FUNDARGERÐ | Stjórnarfundur FS | | |
| Dags. Fundar<br>18.04.2023 | Tími<br>15:00 – 17:20 | Staður<br>Borgartún | Nr. fundar<br>1 |
| Fundarboðandi<br>Gunnlaugur Briem | Fundarritari<br>Kári Árnason og Þóra Björg Sigurþórsdóttir | | |
| Fundarmenn:<br>Guðný Björg Björnsdóttir, Gunnlaugur Már Briem, Fríða Brá Pálsdóttir, Kári Árnason og Þóra Björg Sigurþórsdóttir | | | |
| Afrit<br>Varamenn stjórnar | | | |

| Atriði nr. | Lýsing | Ábyrgð | Dags. |
|---|---|---|---|
| | 1. **Fundargerð fyrri fundar**<br>2. **Stjórn skiptir með sér verkum – verkefni og hlutverk nýrrar stjórnar – Ritari fræðir ritara – Undirskriftir vegna gjaldkera**<br>3. **Aðalfundur FS (Vantar 1x í siðanefnd – eftir að yfirfara aðalfundargerð – Lagabreytingar samþykktar)**<br>4. **Dagur sjúkraþjálfunar 2023 – ánægjukönnun – til upplýsinga**<br>5. **Norrænn fundur 19 – 21 (Myndataka – dagskrá – WPT forseta framboð – frekari umræður eftir norræna fundinn)**<br>6. **Samráðsgátt stjórnvalda - umsögn**<br>7. **Vinnuhópur HRN v. liðskiptaaðgerða(til upplýsinga) -**<br>8. **Starfsleyfaumsóknir – fundur með Hí**<br>9. **Kjaraviðræður- samþykkt ríkissamnings – viðræður Rvk.borg og SFV – Sjálfstætt starfandi.**<br>10. **BHM – framboðsmál innan bandalagsins – hvaða embætti eru laus og áhugi ?**<br>11. **Erlend samskipti – Dubai – kanna áhuga félagsmanna ?**<br>12. **Erindi til félagsins**<br>13. **Önnur mál** | | |
| 1. | **Fundargerð fyrri fundar**<br>Fundargerð síðasta fundar í yfirlestri. KÁ kemur henni til FBP. | KÁ/FBP | |
| 2. | **Stjórn skiptir með sér verkum – verkefni og hlutverk nýrrar stjórnar**<br>Kári Árnason tekur við stöðu gjaldkera.<br>Þóra Björg Sigurþórsdóttir er nýr meðlimur í stjórn og tekur við stöðu ritara.<br>Guðný Björg Björnsdóttir er varaformaður.<br>Hjörtur Ragnarson er meðstjórnandi. | | |

| Atriði nr. | Lýsing | Ábyrgð | Dags. |
|---|---|---|---|
| | Stjórn samþykkir bókun er varðar hverjir séu í stjórn Vísindasjóðs SSÞ. Áður var samþykkt með þeim hætti að nöfn þeirra aðila sem voru í stjórn væru skrifuð á bókunina. Ný samþykkt er með þeim hætti að Formaður FS, Gjaldkeri FS og Framkvæmdastjóri FS eru í stjórn. Er þetta gert til að einfalda verklag ef breytingar verða í stjórn FS. | | |
| 3. | **Aðalfundur FS**<br>Aðalfundur gekk vel og var ágætlega sóttur. Tillögur að lagabreytingum stjórnar voru samþykktar.<br><br>Einn nefndarmann vantar í ritnefnd.<br>Einn nefndarmann vantar í siðanefnd.<br>Nokkur nöfn nefnd til sögunnar sem FBP skráir hjá sér.<br><br>Yfirferð aðalfundargerðar í vinnslu. | GB/FBP | |
| 4. | **Dagur sjúkraþjálfunar 2023**<br>Vel heppnaður dagur og mikil ánægja samkvæmt ánægjukönnun en allir þættir komu vel út. Niðurstöður hennar verða nýttar í komandi vinnu félagsins.<br><br>Einnig er almenn ánægja með aðkomu fyrirtækisins Komum sem sá um skipulagningu dagsins. Ákveðið hefur verið að leitast eftir því að Dagur sjúkraþjálfunar 2024 verði aftur haldinn í Smárabíó og að skipulag dagsins verði unnið í samstarfi við Komum ráðstefnur. | | |
| 5. | **Norrænn fundur 19 – 21**<br>Norrænn fundur verður 19. – 21. apríl með fulltrúum hinna norrænu félaganna.<br><br>Komin eru þrjú framboð til forseta WPT. Tvö þeirra verða með kynningu á sínum kosningaáherslum á fjarfundi fyrir gesti norræna fundarins. | | |
| 6. | **Samráðsgátt stjórnvalda – umsögn**<br>FS sendi inn umsögn varðandi lög um umsóknir þriðja ríkis borgara um starfsleyfi og sérfræðileyfi fyrir heilbrigðisstarfsmenn. | | |
| 7. | **Vinnuhópur HRN v. liðskiptaaðgerða**<br>Vinnuskjal í vinnslu sem fer væntanlega til ráðuneytis á næstu dögum. | | |
| 8. | **Starfsleyfaumsóknir – fundur með HÍ**<br>Formaður fer á fund í næstu viku með fulltrúm Námsbrautar í sjúkraþjálfun varðandi umsóknir um starfsleyfi. Ferkari upplýsingar þegar þær liggja fyrir. | | |
| 9. | **Kjaraviðræður- samþykkt ríkissamnings – viðræður Rvk.borg og SFV – Sjálfstætt starfandi.**<br>Niðurstaða úr kjaraviðræðum FS við ríki liggur fyrir, samningur | | |

| Atriði nr. | Lýsing | Ábyrgð | Dags. |
|---|---|---|---|
| | samþykktur með miklum meirihluta.<br><br>Umræður og upplýsingar um stöðu kjaramála.<br>Framundan eru viðræður við Reykjavíkurborg og SVF. Næsti fundur við SFV 3. maí.<br><br>Viðræður fyrir hönd sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara halda áfram við Sjúkratryggingar Íslands. | | |
| 10. | **BHM – framboðsmál innan bandalagsins**<br>Umræður um framboðsmál innan BHM fyrir komandi aðalfund BHM þann 25.maí 2023 á Hilton Nordica. | | |
| 11. | **Erlend samskipti – Dubai**<br>Formaður mun sækja aðalfund heimssambandsins í Dubai<br><br>Fyrirspurn kom á aðalfundi um að kanna áhuga félagsmanna á að fara á heimsþingið í Dubai. | | |
| 12. | **Erindi til félagsins**<br>Engin erindi bárust að þessu sinni. | | |
| 13. | **Önnur mál** | | |
| 14. | **Umsóknir um félagsaðild**<br>Eftirtaldi aðilar hafa fengið samþykka nemaaðild<br><br>Helgi Magnússon<br>Einar Már Óskarsson<br>Vigdís Ayesha Elísabetardóttir<br>Bryndís Bolladóttir<br>María Vigdís Sánchez-Brunete<br>Vigdís Lilja Guðmundsdóttir<br>Sólveig Birta Eiðsdóttir | | |